



# Minnispunktur

## Veggspjaldagerð í PowerPoint

Gott er að rissa fyrstu hugmyndir á blað

- Velja rétta blaðsíðustærð fyrir spjaldið (t.d. A0= 84x118 cm): *File/Page Setup* í PowerPoint 2007: *Design/Page Setup*, velja *Custom* og skrifa þar stærðina.
- Skrifa heiti veggspjaldsins í efsta textaboxið, t.d. 100 p stærð. Þar undir skrá höfund(a) og stofnun (stofnanir) - a.m.k. 36 p. stærð
- Búa til textasvæði ef með þarf *Insert/Text Box*
- Textastærð aðaltexta þarf að vera a.m.k. 36 p
- Texta má líka flytja úr öðrum forritum, *klippa* og *líma* eða *Insert* Einnig má senda texta úr Word með *Export*. Stundum þarf að nota *Paste Special*
- Skoða bakgrunna í forritinu í *Format/Slide Design*. Í PowerPoint 2007: *Design*
- Bakgrunnslitur: *Format/Slide Color Scheme*. Í PowerPoint 2007: *Design/Colors*
- Myndir og gröf má flytja úr öllum forriti og af netinu með *klippa* og *líma* eða *Insert* Stundum þarf að nota *Paste Special* og velja þá t.d. *Picture*
- Töflur: *Insert/Table*, *Paste Special* eða flytja úr öðrum forritum.
- Útprintun á venjulegan prentara: Stilla fyrst á *Scale to fit paper* Velja *Slide* og prenta

- Blanda saman texta, myndum og gröfum þannig að veggspjaldið hafi yfir sér jafnvægi. Skoða yfirlit síðu í *Fit* á valstiku efst eða í *View/Zoom*. Í PowerPoint 2007: *View*.
- Texti ætti ekki að þekja meira en 50% af veggspjaldi  
Auðu bilin (loftið) eru mikilvæg  
Myndir og gröf geta líka tekið allt 50%
- Ekki setja punkt á eftir heiti veggspjalds eða fyrirsögunum og ekki bil á undan ? eða !
- Í PowerPoint eru ósýnilegar hjálparlínur (placeholders) sem stýra myndum og textaboxum. Textastærð fylgir þá t.d. stærð textaboxins þótt ekki sé óskað eftir því. Þetta hjálpartæki má afþakka í *Tools/Autocorrect Option* í PowerPoint 2007: *Microsoft Office Button/PowerPoint Options/Proofing/AutoCorrect options*
- **Muna** að notfæra sér hjálpartæki sem er innbyggð í forritið:
- Bakgrunnar, einnig á heimasíðu Landspítala og Microsoft
- Myndir, töflugerð, gröf, einnig á ýmsum heimasíðum og á myndveitu LSH
- Innbyggð aðstoð í forritinu sjálfu: *Help*
- Þessi blaðsíða er gerð í PowerPoint.

## Nokkur hagnýt atriði um gerð veggspjalda

Þegar gera á veggspjald þar sem kynna á vísindarannsóknir eða annað efni, skiptir miklu máli að hafa í huga áhuga og þarfir þeirra sem eiga að lesa spjaldið. Veggspjald á Vísindum á vordögum á að vera af stærðinni **A0 sem er ca 84 cm á breidd og 118 cm á hæð** og sú stærð er algeng á evrópskum ráðstefnum. Í Bandaríkjunum er algengt að veggspjöld séu prentuð á þverveginn, stærð t.d. 140 cm á breidd og 110 cm á hæð eða 120x90. Stæðin er stillt í PageSetup í Design flipa Powerpoint sem getur hentað vel til veggspjaldagerðar. Sjá notkunarleiðbeiningar fyrir PowerPoint.

- Veggspjaldið þarf að vekja áhuga, þarf að kalla fólk til sín, og fá það til að lesa spjaldið.
- Það þarf að vera þægilegt jafnvægi í uppsetningu efnisins, þannig að efnið flæði eðlilega um spjaldið. Þó þarf að gæta þess að hönnun spjaldsins dragi ekki athyglina frá innihaldinu. Leiða þarf lesandann eðlilega áfram, stundum getur verið gott að nota örvar eða númer.
- Titillinn þarf að vera skýr og helst ekki mjög langur.
- Hafa setningar hnitmiðaðar og ekki of langar. Spjaldið þarf að vera hægt að lesa á 3-4 mínútum og þarf að vera hægt að lesa textann úr 2 m fjarlægð.
- Letrið sem notað er þarf að vera þægilegt aflestrar. Ekki nota margar leturgerðir. Nota Microsoft letur, t.d. Ariel eða Times, öruggara í prentun. Nota gjarnan liti, en í hófi. Nota feitt letur í fyrirsagnir. Ekki nota hástafi nema í upphafi setninga.
- Ekki er hægt að gefa reglur um lágmarksstærð leturs. Það fer alltaf eftir innihaldi og textamagni og er í stöðugri breytingu og skoðun eftir því sem textanum vindur fram. Til viðmiðunar má hafa að letur í heiti sé 100 punkta og höfundalisti 36 punkta. Meginmál getur verið í mismunandi punktastærð, allt eftir því hversu mikið efni þarf að rúmast á veggspjaldinu, t.d. gæti 36 punkta letur eða stærra verið heppilegt. Gott er að nota % minnkun/stækkun á skjámyndinni þegar verið er að vinna í skjalinu.
- Nota myndir og gröf þar sem það á við, má vera 50% af spjaldinu. Með myndum og gröfum þurfa að vera skýringar.
- Gæta þess að niðurstöður týnist ekki neðst á spjaldinu. t.d. má ramma þær inn eða nota liti í bakgrunn.
- Ef heimildir eiga að vera á veggspjaldinu er ráðlegt að hafa þær í smærra letri neðst.
- Mjög nauðsynlegt er að stilla stærð veggspjaldsins í PageSetup – valmyndinni (í Design flipa). Velja “Custom” og skrifa inn stærðina t.d.: 84x118 sem u.þ.b. stærðin á A-0.
- Ef stækka þarf myndir eða minnka þarf að halda Ctrl- eða Shift- takkanum niðri meðan myndin er stækkuð eða minnkuð með músinni. Þá haldast réttu hlutföll myndarinnar.
- Muna að vanda til grunnvinnunnar. Prófa kalesa vel (sérstaklega heiti og fyrirsagnir).

Ágrip birtist oftast í ráðstefnuriti, en stundum getur verið gott að eiga útprentun af ágrip til að gefa áhugasömum lesendum. Smækkuð mynd af veggspjaldinu sjálfu (t.d. A4) fæst í prentvalmynd PowerPoint + Scale to fit paper.

Grunnar í PowerPoint og leiðbeiningar í notkun PowerPoint eru á heimasíðu Landspítala/Brunnurinn/Hjálpargögn/Sniðmát: <http://innri.lsh.is/pages/13911>

Á heimasíðu Microsoft eru m.a. tengingar í áhugaverð vísindaleg veggspjöld í PowerPoint: <http://office.microsoft.com/en-us/results.aspx?Scope=TC&Query=scientific+power+Point>

**Athugið að sjaldnast er nauðsynlegt að plasta veggspjöld og því fylgir aukakostnaður.**